

# Hugmyndin um Umboðsmann sjúklinga sótt til Norðurlanda



Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir að hugmyndin um embætti Umboðsmanns sjúklinga, komi frá Norðurlöndum. Í fréttum RÚV var sagt frá því að Geðhjálp, SÍBS og ÖSÍ, hefðu lagt þetta embætti til við heilbrigðisráðherra, en ekki kom fram í frétt, í hverju starf Umboðsmanns sjúklinga ætti að felast. Í svari Önnu Gunnhildar fylgir með tilkynning sem heilbrigðisráðherra var afhent fyrir um ári síðan og lýsir í grófum dráttum, þeim verkefnum sem Umboðsmaður sjúklinga ætti að sinna. Meðal annars myndi embættið koma umkvörtunum og kærumálum sjúklinga í viðeigandi farveg og krefja stofnanir hins opinbera um svör eða gögn, líkt og Umboðsmaður Alþingis getur gert í dag. Þá myndi Umboðsmaður sjúklinga semja umsagnir um þingmál og stuðla að samvinnu aðila í því skyni að koma á umbótum fyrir sjúklinga.

Lesandi Spyr:

“

Það kom fram í fréttum að Geðhjálp leggur til til dæmis að til verði Umboðsmaður sjúklinga, sem mig langar að forvitnast betur um og spyrja þá hvort þetta sé stöðugildi sem þeir sæu fyrir sér aðeins fyrir geðsjúka eða alla sjúklinga og hvort þeir séu með erlenda fyrirmynd og þá hvaðan? Sjá frétt á RÚV

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp svaraði.

Anna Gunnhildur:

“

Sendi þér fréttatilkynningu um hugmyndir Geðhjálp, Öryrkjabandalagsins og SÍBS um stofnun umboðsmanns sjúklinga.

Þar er hugmyndum okkar um embættið lýst í grófum dráttum. Við gerum ráð fyrir að embættið þjóni öllum sjúklingahópum og sótt verði í reynslu hinna Norðurlandabjódanna af svipuðum embættum/stofnunum.



## **Fréttatilkynning frá Geðhjálp, SÍBS og ÖBÍ 9. apríl 2014** **Embætti umboðsmanns sjúklinga verði stofnað**

Í dag fóru Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS og Ellen Calmon, formaður ÖBÍ á fund Kristjáns Þórs Júlíussonar, heilbrigðisráðherra.

Kynntu þau ráðherra brýna þörf fyrir stofnun embættis Umboðsmanns sjúklinga til að mæta þörf almennings fyrir upplýsingamiðlun. Vöktu þau athygli á að almenningur standi oft ráðþrota gagnvart flóknum úrræðum kerfisins.

Aðgangur að upplýsingum, ráðgjöf og stuðningi til að fylgja erindum sínum eftir sé erfiður. Flókið geti verið fyrir sjúklinga, fatlaða, aðra notendur heilbrigðiskerfisins og aðstandendur þeirra að greina hvaða stofnun veiti viðkomandi þjónustu.

Margvíslegt óhagræði geti skapast innan opinberu stofnanna sem hafi í för með sér hættu á að úrlausn sambærilegra erinda séu leyst með ólíkum hætti í sinnhorri stofnunni.

Til að leysa úr þessum vanda leggi hagsmunasamtökin til að stofnað verði embætti umboðsmanns sjúklinga, sem hefur það hlutverk:

- Að veita almenningi upplýsingar og ráðgjöf um ólík úrræði innan heilbrigðis- og tryggingakerfisins.
- Að taka við ábendingum almennings um þjónustu heilbrigðis- og tryggingakerfisins og koma umkvörtunum eða kærumálum í viðeigandi farveg.
- Að krefja stofnanir hins opinbera um svör eða gögn með tilteknum fresti, líkt og Umboðsmaður Alþingis getur gert í dag.
- Að veita ráðgefandi álit í málsmeðferð stofnana ásamt því að koma á framfæri við stofnanirnar tillögum að vinnureglum til að tryggja samhæfð viðbrögð, draga úr óvissu og spara tíma.
- Að hafa frumkvæði að því að semja umsagnir um þingmál og stuðla að samvinnu aðila í því skyni að koma á umbótum fyrir sjúklinga ásamt því að rækta tengsi við sambærileg embætti erlendis.

Geðhjálp, SÍBS og ÖBÍ skora á heilbrigðisráðherra að leggjast á árarann með þeim í því skyni að koma embætti Umboðsmanns sjúklinga á fót eins fljótt og kostur er

<http://www.spyr.is/grein/ymsar-spurningar/9429>